

Arinbjörn Vilhjálmsson
Skipulagsfulltrúi Garðabæjar
skipulag@gardabaer.is; arinbjorn@gardabaer.is

Gunnar Einarsson
bæjarstjóri Garðabæjar
gunnar@gardabaer.is

Reykjavík, 26. maí 2021

Efni:
Moldarflutningar inn á fyrirhugaðan golfvallarreit á Norðurnesi

Ágæti bæjarstjóri og skipulagsstjóri

Kærar þakkir fyrir jákvætt og gagnlegt framlag þitt til fundar um mikilvægi náttúruverndar og útvistarsvæða hér á höfuðborgarsvæðinu þar sem meginhluti landsmanna býr. Fram kom í málinu þínu að Garðarbær leggur ríka áherslu á náttúruvernd innan lögsögu bæjarfélagsins sem Landvernd þakkar fyrir.

Skrifstofa Landverndar hefur orðið vör við athafnir í bæjarfélaginu vekja verulegar áhyggjur, bæði vegna neikvæðra áhrifa á náttúru þar, sérlega vegna fugla sem á þessum árstíma eru í varpi á svæðinu, en einnig vegna þess sem virðist vera brot að góðum stjórnsýsluháttum og jafnvel lögum. Þá virðist upplýsingaskyldu við íbúa vera ábótavant.

Við höfum séð að hafnir eru moldarflutningar inn svæði á norðanverðu Álftnesi þar sem fyrirhugað er, skv. drögum að deiliskipulagi fyrir Norðurnes, að byggja nýjan golfvöll. Áformað deiliskipulag fyrir gólfvöll hefur verið forkynnt og hafa athugasemdir verið gerðar við skipulagið. Endanlegt deiliskipulag hefur ekki verið staðfest af Skipulagsstofnun og hefur því ekki tekið gildi.

Landvernd minnir á 1. mgr. 12. gr. skipulagslaga þar sem segir að bygging húsa og annarra mannvirkja ofan jarðar og neðan og aðrar framkvæmdir og aðgerðir sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess skuli vera í samræmi við skipulagsáætlanir. Ef marka má áformað deiliskipulag munu framkvæmdir gjörbreyta svæðinu og hafa neikvæð áhrif á náttúrur þess.

Landvernd hefur ekki tekist að afla sér upplýsinga um hvort búið sé að veita framkvæmdaleyfi fyrir þessum framkvæmdum og óskar eftir því að bæjarstjórinn upplýsi okkur um það.

Landvernd minnir á að í 1. mgr. 53. gr. skipulagslaga segir að ef framkvæmdaleyfisskyld framkvæmd sé hafin án þess að framkvæmdaleyfið sé fengið fyrir henni, skal skipulagsfulltrúi stöðva slíkar framkvæmdir

tafarlaust og leita staðfestingar sveitarstjórnar. Þá segir í málgreininni að ef framkvæmdaleyfi brjóti í bága við skipulag skal skipulagsfulltrúi stöðva slíkar framkvæmdir.

Landvernd treystir því að bæjarstjórnin í Garðabæ beiti sér fyrir því að framangreindir moldarflutningar séu stöðvaðir þegar í stað, almenningi veittar greinargóðar upplýsingar um málið og svæðið alfarið friðlýst þar til varptíma fugla lýkur.

Ef ekki berast tafarlaust viðhlítandi skýringar áskilur Landvernd sér fullan rétt til að leita lögformlegra úrræða til að stöðva framangreindar framkvæmdir.

Með vinsemd og virðingu,
Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Landverndar